

Efni samráðs

Drög að Sóknaráætlun Suðurlands 2020 til 2024

Samráð hófst

23.09.2019

Samráð lauk

08.10.2019

Fjöldi umsagna

2

Umsagaraðilar

Skógræktin og Landsvirkjun

Samantekt um umsagnir og viðbrögð

Þær tvær umsagnir sem bárust voru fremur jákvæðar. Í báðum umsögnunum var tækifærið nýtt til að koma á framfæri upplýsingum um áherslur og verkefni aðila sem tengdust þeim markmiðum sem sett voru fram í drögum að nýrri Sóknaráætlun Suðurlands. Óskað var eftir frekara samstarfi um þær leiðir sem aðilar þurfa að vinna saman að til að ná settum markmiðum. Svo sem í umsögn Skógræktarinnar um mikilvægi landshlutaáætlana, skipulagningu lands undir skógrækt og um viðleitni þeirra til samráðs við sveitarfélögin um þau verkefni. Taldi Skógræktin almennt að sóknaráætlunin væri metnaðarfull og þar mikil áhersla lögð á umhverfismál. Skógræktin taldi helsta veikleika áætlunarinnar vera að lítið væri fjallað um leiðir að markmiðunum. Ákveðið var í framhaldi að vinna sérstaklega að skilgreindum leiðum. Í umsögn Landsvirkjunnar var því komið á framfæri að ríflega helmingur af orkuvinnslu Landsvirkjunar er á Suðurlandi. Upplýst var um skýrslur og verkefni Landsvirkjunnar sem gætu haft tengingu við vinnu að nýrri sóknaráætlun. Landsvirkjun taldi fyrirbyggjandi drög að Sóknaráætlun Suðurlands 2020 til 2024 vera skýr og aðgengileg, fagnaði því að íbúar svæðisins horfi til þeirra sóknarfæra sem orkulindir svæðisins bjóða. Landsvirkjun vakti athygli á því að markmið sem sett voru fram væru mælanleg og tímasett og töldu þessa þætti mikilvæga til að tryggja skilvirkni og eftirfylgd. Landsvirkjun bauðst einnig til að ganga til samstarfs við landshlutasamtökin við að uppfylla ákveðin markmið áætlunarinnar.

Að loknu samráði

Samtök sunnlenskra sveitarfélaga fagnar þeim umsögnum sem bárust. Samtökin töldu ekki ástæðu til að gera neinar efnislegar breytingar á birtum drögum, að loknu umsagnarferlinu, enda báru umsagnirnar það ekki með sér að þörf væri á því. Þess í stað hafa samtökin tekið upp samtal við umsagnaraðila um frekara samstarf um áætlunina. Sóknaráætlun Suðurlands 2020 til 2024 var samþykkt eins og hún birtist í samráðsgátt stjórnvalda á ársþingi SASS 25. október 2019.